



## REGLUR VEGNA STYRKUMSÓKNA Á SVIÐI MENNINGAR OG ÍPRÓTTA

Markmið með styrkjum Akraneskaupstaðar er að styðja við grasrótarstarf á sviði menningar- og íþróttamála. Málsmeðferð styrkumsókna skal vera samkvæmt reglum þessum.

1. Akraneskaupstaður auglýsir ár hvert og eigi síðar en 1. nóvember eftir styrkumsóknum í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunar.
2. Styrkumsóknir skulu teknar til úrvinnslu og lagðar fyrir hjá því ráði eða nefnd sem málið heyrir undir. Viðkomandi ráð eða nefnd gerir rökstudda tillögu um afgreiðslu til bæjarráðs til endanlegrar ákvörðunartöku.
3. Auk almennra upplýsinga um umsækjanda skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í umsókn:
  - Markmið verkefnis eða starfsemi
  - Tíma- og verkáætlun
  - Kostnaðaráætlun
  - Vinnur verkefnið að markmiðum Menningarstefnu eða Velferðarstefnu Akraness og þá hvernig?
  - Önnur fjármögnun verkefnis eða starfsemi og gögn því til stuðnings
  - Aðrar upplýsingar ef við á
  - Hafi umsækjendur áður fengið styrki skulu liggja fyrir skilgreiningar um nýtingu fyrri styrkja
4. Uppfylli styrkumsókn ekki formkröfur skal henni vísað frá með formlegum hætti og umsækjanda bent á nauðsynlegar úrbætur sem gera þarf innan hæfilegs tíma til að umsóknin verði tæk til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu hjá Akraneskaupstað.
5. Akraneskaupstaður áskilur sér rétt til að hafna styrkveitingu hafi verkefnið hlotið styrki frá öðrum aðilum sem Akraneskaupstaður leggur til fjármuni til úthlutunar styrkja. Komi sú staða upp að verkefnið sé nýtt eða viðkomandi ekki kunnugt um tímafresti umsókna er heimilt að taka umsóknina til afgreiðslu.



6. Heimilt er að auglýsa að nýju eftir styrkumsóknum fyrir 1. maí hafi samþykkt heildarstyrkfjárhæð ekki verið fullnýtt við afgreiðslu fjárhagsáætlunar.
7. Umsóknir um minniháttar styrki, svo sem styrktarlínur í blöð skulu alla jafna ekki veittar af Akraneskaupstað. Undanþágu frá þeirri meginreglu geta sviðsstjórar eða bæjarstjóri tekið, séu til þess fjármunir í fjárhagsáætlun.
8. Styrkir skulu að jafnaði vera greiddir út þegar verkefni er lokið gegn fullnægjandi skýrslu. Séu verkefnastyrkir kr. 300.000 eða hærri er heimilt að greiða 50% styrkuppþæðar út áður en verkefni lýkur gegn upplýsingum um framvindu.
9. Styrkir geta numið allt að 50% af áætluðum heildarkostnaði verkefnis.
10. Ef ekkert verður af verkefni fellur styrkveiting niður.

**Þannig samþykkt í bæjarráði Akraness þann 10. október 2018**

**Staðfest í bæjarstjórn Akraness þann 23. október 2018**

Akranesi, 23. október 2018

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Sævar Freyr Práinsson

bæjarstjóri